

þess að björgunarskipið »Geir« ræki hér þessa starfsemi að hjálpa og bjarga skipum í neyð.

Samkvæmt því sem nú er sagt verður að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð og eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Fógetaréttarúrskurðurinn staðfestist. Áfrýjandi N. Wittrup f. h. Em. Z. Zwitzers Bjergnings-entreprise greiði stefnda borgarstjóra Reykjavíkur fyrir hönd bæjarsjóðsins 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 23. júní 1919.

Nr. 52/1918:

Hreppsnefnd Þverárhrepps  
gegn  
Jóni S. Pálmasyni.

D ó m u r :

Haustið 1916 lagði hreppsnefnd Þverárhrepps í Húnavatnssýslu aukaútsvar til hreppsins á Jón S. Pálmason bónda á Þingeyrum í Sveinsstaðahreppi,

en útsvarið, 40 kr., neitaði Jón Pálmason að greiða og höfðaði þá hreppsnefndin mál þetta gegn honum til að fá hann dæmdan til þess; var málið dæmt í gestarétti Húnavatnssýslu 21. maí f. á. þann veg, að Jón Pálmason var sýknaður og hreppsnefnd Þverárhrepps dæmd til að greiða honum 86 kr. í málskostnað, er að öðru leyti skyldi falla niður.

Þessum dómi hefur hreppsnefnd Þverárhrepps skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 18. sept. f. á, hefir hún fengið til þess gjafsóknarleyfi og skipaðan málfærslumann, og hefir hann fyrir yfirdómi gert hinar sömu kröfur fyrir hönd áfrýjanda og gerðar voru fyrir gestaréttinum, svo og krafist málskostnaðar fyrir báðum réttum eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Af hálfu stefnda Jóns Pálmasonar er þess hins vegar krafist, að gestaréttardómurinn verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Heimild fyrir útsvarsálagningu á stefnda telur áfrýjandi þá, að stefndi hafi haft laxveiðiafnot í Þverárhreppi sumarið 1916 og hafi hann því samkvæmt lögum nr. 48, 3. nóv. 1915 verið útsvars skyldur þar.

Laxveiðina, sem mál þetta er risið af, lét stefndi stunda í svonefndum Bjargaósi, öðru nafni Hopsósi, sem er rennsli úr Hópinu til sjávar, og tekur Þverárhreppur við vestan þessara vatna en Sveinsstaðahreppur að austan. Voru laxanet lögð í ál í vestanverðum Bjargaós beggja megin, veiðin oftast flutt vestur yfir og lögð þar á hesta til burtflutnings;

veiðimaður stefnda hafðist við um veiðitímann í kofa í svonefndum Vaðhvammi fyrir vestan ósinn, og veiðigögnin, laxanet og bát, hafði hann og þeim megin, þegar hann var eigi að veiðum.

Stefndi mótmælir því, að hann hafi haft laxveiðiafnot í Þverárhreppi 1916, og byggir þau mótmæli á því, að Bjargaós allur sé í Þingeyralandi og Sveinstaðahreppi, en ekkert af honum í Ásbjarnarneslandi og Þverárhreppi. Ber hann fyrir sig í því efni forn bréf, tvo lögmansúrskurði, annan útgefinn einhverntíma á árunum 1309—1318, hinn dags. 14. júní 1369 og Hólabiskupsbréf dags. 21. jan. 1364, en þessi skjöl eigna Þingeyrastað og klaustri Bjargaós eða alla veiði og reka í honum. Svo telur stefndi og að landið vestan Bjargaóss, er notuð var við veiðina, sé í Þingeyralandi og Sveinstaðahreppi, og enn heldur stefndi því fram, að jafnvel þótt Bjargaós vestanverður og landið að honum þeim megin væri í Þverárhreppi, þá hafi veiðin eigi verið stunduð þar, heldur frá Þingeyrum, því að þaðan hafi komið öll útgerð veiðiskaparins, þangað hafi veiðin verið flutt og þar hafi hún verið gerð að verslunarvöru; hafi stefndi því engin leiguliðaafnot eða lóðarafnot haft vestan Bjargaóss, er heimild sé að leggja á útsvar samkvæmt nefndum lögum.

Þess gerist nú eigi þörf að rannsaka hér út af fyrir sig, hvort stefndi hafi haft leiguliðaafnot eða lóðarafnot í Þverárhreppi, með því að það kemur að eins til greina í sambandi við laxveiðiafnotin, sem útsvarið var lagt á, og til skýringar því, hvort stefndi

hafi haft þau afnot í Þverárhreppi. Í því efni er nú ekkert það komið fram í málinu, er sýni að Bjargaós allur sé í Sveinstaðahreppi; um það verður ekkert ályktað af fyrgreindum fornum skjölum, en af þessu verður ekki frekar ráðið en það, að klaustrið á Þingeyrum hafi átt ítak í Ásbjarnarnesland í Þverárhreppi, þ. e. veiði og reka í Bjargaós fyrir landi þessarar jarðar.

Aðrar skýrslur málsins virðast hins vegar sýna, að eðlilegum mörkum milli þessara jarða og hreppa sé óraskað. Þannig hefir áfrýjandi ómótmælt haldið því fram, að þegar Húnavatnssýslu var skift í tvö sýslufélög með lögum nr. 77, 22. nóv. 1907 hafi sýslumörkin verið ákveðin um Gljúfurá og framhald hennar Hóp og Hópsós, og það verður að telja sjálfgefið, að mörk Sveinstaðahrepps og Þverárhrepps séu hin sömu og sýslumörkin. Vitni, er yfirheyrð hafa verið og nokkuð geta borið um landamerki Þingeyra og Ásbjarnarness, hafa eigi heyrt önnur merki talin milli þessara jarða en Hóp og Bjargaós. Þar sem nú þessi mörk eru talin milli sýslufélaganna og hreppanna, verður að ætla, að þau, eins og venjulegt er og eðlilegt, séu miðuð við miðjan straum eða miðjan ál í nefndum vötnum, þegar eigi er öðru vísi ákveðið. Þá er og það, að þegar þáverandi eigandi jarðanna Þingeyra og Ásbjarnarness, Hermann Jónasson, seldi hina síðarnefndu jörð árið 1902, tók hann undan Ásbjarnarnesi veiði í Bjargaós svo og landspildu meðfram ósnum að vestan til allra afnota við veiðina. Ber þetta vott um, að Hermann Jónasson

hefur talið Ásbjarnarnes eiga land að ósnum, því ella hefði verið ástæðulaust við sölu jarðarinnar að undan-skilja þessi afnot.

Mörkin milli Sveinsstaðahrepps og Þverárhrepps verða eftir þessu að teljast miðstreymis um Bjarga-ós, en af því leiðir að landið vestan óssins er í síð-arnefndum hreppi. Laxinn, sem stefndi fékk úr Bjargaós 1916 og hann segir að verið hafi 1490 kg, var þá og að nokkru leyti veiddur í Þverárhreppi. Frá þessum hreppi verður og að telja að veiðin hafi verið stunduð samkvæmt því sem að framan er sagt, en það skiftir í því efni engu, hvaðan útgerðin var flutt á veiðistaðinn eða hvar aflinn var hagnýttur.

Þau verða þannig úrslit málsins, að hreppsnefnd Þverárhrepps álist hafa verið heimilt samkvæmt tilvitnuðum lögum að leggja útsvar á stefnda í notum umgetinnar laxveiði í Bjargaós og verður þá að breyta hinum áfrýjanda dómi og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 40 kr. með 5% ársvöxtum frá stefnudegi 11. júlí 1917 til greiðsludags.

Málskostnaður þykir eftir atvikum mega láta falla niður fyrir báðum réttum.

Flutningur málsins fyrir yfirdómi, að því leyti, sem það er gjafsóknarmál, hefir verið lögmætur og ber skipuðum málfærslumanni áfrýjanda 30 kr. í málflutningslaun, er greiðist úr landssjóði.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Jón S. Pálmason greiði áfrýjanda, hreppsnefnd Þverárhrepps, 40 kr. með 5% árs-  
vöxtum frá 11. júlí 1917 til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Skipuðum málafærslumanni áfrýjanda, Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmanni, greiðist 30 kr. í málflutningslaun úr landssjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 23. júní 1919.

Nr. 8/1919:

Lárus Fjeldsted f. h.  
O. Tynes  
gegn  
Péttri A. Ólafssyni.

D ó m ú r :

O. Tynes kaupmaður á Siglufirði höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar-kaupstaðar gegn Péttri A. Ólafssyni kaupm. í Reykjavík til greiðslu á leigu, kr. 4229,50, eftir bryggju, síldverkuunarpláss o. fl. á Siglufirði sumarið 1917, en með dómi uppkveðnum 31. des. f. á. vísaði gestarétturinn málinu frá sér og feldi niður málskostnaðinn.

Dómi þessum hefir Lárus Fjeldsted yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir hönd O. Tynes skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 15. febr. þ. á. og krafist að dómurinn verði ómerktur, málinu vísað heim í hérað til dómsáleggingar að efni til og að áfrýjanda